

Sp.

758. Þingsályktun

[131. mál]

um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

(Afgreidd frá Sp. 14. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun og rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Áhersla skal lögð á gagnasöfnun og rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, enn fremur hvort unnt sé að sjá fyrir og hindra snjóflóð og skriðuföll og hvaða vörnum og viðvörðunum verði við komið.

Ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi niðurstöður þessara athugana ásamt tillögum til úrbóta.